

**Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 7. desember 2004

**Efni: Frv. til l. um br. á l. um fæð.- og fororlof, nr. 95/2000 (22. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að orlofslaun verði greidd af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Verslunarráð skilaði inn samskonar umsögn í fyrra. Í greinargerð er ekkert tekið fram hvað slík orlofslaun myndu kosta Fæðingarorlofssjóð. Verslunarráði þykir rétt að slík kostnaðaráætlun komi fram einkum með tilliti til þess að kostnaðaráætlun sú sem kynnt var í greinargerð með frumv. til umræddra laga hefur fráleitt staðist.

Sjóðurinn stendur mjög illa og á síðasta ári var sjóðurinn rekinn með rúmlega þrettánhundruð milljóna króna halla. Eigið fé sjóðsins í byrjun þessa árs voru tæpar tólfhundruð milljónir. Áætluð útgjöld þessa árs eru um sexþúsundogsjö hundruð milljónir króna. Framlag ríkisins er fjögurhundruðtuttuguogtvær milljónir. Því er ljóst að tryggingagjald ársins þarf að vera fimmþúsundog eitthundrað milljónir. Ef iðgjaldið verður minna verður sjóðurinn rekinn með halla. Á síðustu tveimur árum hefur tryggingagjaldið verið um fjórir milljarðar. Til að koma í veg fyrir hallarekstur sjóðsins verður annaðhvort að minnka fjárstreymi úr sjóðnum eða auka tekjur hans. Hækkun tryggingargjalds kemur niður á launagreiðendum og atvinnulífinu í heild. Tryggingargjald er skattur sem leggst að lokum þyngst á þá launþega sem síst mega við því. Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

---

Sigprúður Ármann